Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

11. fundur Stefnuráðs byggðasamlaganna
var haldinn í safnaðarheimili Kársnessafnaðar, Hábraut 1a, Kópavogi,
föstudaginn 7. júní 2024
og hófst hann kl. 09:00.

Fundinn sátu:
Einar Þorsteinsson, Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Árni Rúnar Þorvaldsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Björg Fenger, Dagur B. Eggertsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Valdimar Birgisson, Þorkell Sigurlaugsson, Þór Sigurgeirsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, ritari stefnuráðs

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar og annar formanna stefnuráðs, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Frumniðurstöður ESA um undanþágur á greiðslu tekjuskatts byggðasamlaga - 2309018

Framhald frá umræðum 9. og 10. fundar en þá fór fram kynning á ofangreindu máli. Unnið er að sátt við ESA sem hefur lýst þeirri afstöðu að undanþága á tekjuskattsskyldu byggðarsamlaga sem stunda atvinnurekstur feli í sér ólögmæta aðstoð af hendi ríkisins til byggðasamlaga. Frekari greining sviðsmynda og undirbúningur viðbragða í tengslum við viðræður við ESA hefur nú farið fram, m.a. á vettvangi vinnuhóps á vegum Sorpu bs. sem hefur verið falið að hefja undirbúning að tilfærslu efnahagslegrar starfsemi.

Haraldur Flosi Tryggvason kynnti stöðu málsins og næstu skref sem felast í því að vinnuhópur Sorpu bs. verði áfram að störfum í sumar og kalli til sérfræðinga eftir þörfum. Hann ljúki greiningu á því hvaða starfsemi Sorpu teljist til efnahagslegrar starfsemi, en fyrir liggur að sátt við ESA muni byggja á því að efnahagsleg starfsemi verði flutt úr félagi sem rekið er með ótakmarkaðri ábyrgð eigenda. Þegar drög að sátt liggja fyrir verði þau tekin fyrir á fundi stefnuráðs og í kjölfarið send til meðferðar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna.

Gestir

Svana Helen Björnsdóttir stjórnarmaður í Sorpu bs.

Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður Sorpu bs.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs.

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri Sorpu bs.

Berglind Snorradóttir starfsmaður SSH

Halldór Þorkelsson rekstrarráðgjafi

Lovísa Jónsdóttir verkefnastjóri stjórnsýslu og lögfræði hjá Sorpu bs.

Niðurstaða:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Vinnuhópur Sorpu bs. verði áfram að störfum í sumar og kalli til sérfræðinga eftir þörfum. Hann ljúki greiningu á því hvaða starfsemi Sorpu telst til efnahagslegrar starfsemi, en fyrir liggur að sátt við ESA mun byggja á því að efnahagsleg starfsemi verði flutt úr félagi sem rekið er með ótakmarkaðri ábyrgð eigenda. Þegar drög að sátt liggja fyrir verði þau tekin til afgreiðslu stefnuráðs og í kjölfarið til meðferðar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna. Í kjölfar þess gefst svo 1,5 - 2 ár til frekari útfærslu og innleiðingar. Stefnusáttmáli eigenda verði samhliða unninn áfram m.t.t. þeirrar sviðsmyndar sem lögð verður fram gagnvart ESA.

2. Stefnumótun Sorpu bs. - 2405007

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. kynnti stefnumótun Sorpu bs., stöðu á innleiðingu hennar, og áhrif meðferðar ESA á áframhaldandi vinnu við stefnumótun en innleiðing stefnunnar er í raun í biðstöðu vegna þess máls.

Einar Þorsteinsson borgarstjóri Reykjavíkur og annar formanna stefnuráðs stýrði umræðum um dagskrárliði 1 og 2. Til máls tóku Dagur B. Eggertsson, Regína Ásvaldsdóttir, Jón Viggó Gunnarsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Haraldur Flosi Tryggvason, Lovísa Jónsdóttir, Almar Guðmundsson, Þorkell Sigurlaugsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Svana Helen Björnsdóttir, Björg Fenger, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Þór Sigurgeirsson.

Gestir

Lovísa Jónsdóttir verkefnastjóri stjórnsýslu og lögfræði hjá Sorpu bs.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs.

Svana Helen Björnsdóttir stjórnarmaður í Sorpu bs.

Berglind Snorradóttir starfsmaður SSH

Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður Sorpu bs.

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri Sorpu bs.

Niðurstaða:

Umræður

3. Heildarlausn í úrgangsmálum - brennsla - 1908010

Gunnar Dofri Ólafsson kynnti niðurstöður úr skýrslu um samanburð tveggja kosta um uppbyggingu hátæknibrennslu á Íslandi og fyrirhuguð næstu skref. Fyrir liggur vilji hjá Sorpu bs., Kölku, umhverfis- orku og auðlindaráðuneyti auk HS orku um skuldbindingu við stofnun undirbúningsfélag um uppbyggingu á sorpbrennslu á Íslandi. Félagið muni miða við að byggja eina sorpbrennslu á SV-horninu. Áhugi er á að skoða aðkomu innviðafjárfesta s.s. lífeyrissjóða að verkefninu. Félagið hefði það verkefni að kynna hátæknibrennslu fyrir helstu hagaðilum, tryggja brennslu rekstrargrundvöll, hráefni og starfsskilyrði auk annars undirbúnings.

Til máls tóku Valdimar Birgisson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Gestir

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri Sorpu bs.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Lovísa Jónsdóttir verkefnastjóri stjórnsýslu og lögfræði hjá Sorpu bs.

Berglind Snorradóttir starfsmaður SSH

Svana Helen Björnsdóttir stjórnarmaður í Sorpu bs.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

4. Sérsöfnun á textíl - 2405006

Gunnar Dofri Ólafsson gerði grein fyrir undirbúningi söfnunar og afsetningu á textíl á höfuðborgarsvæðinu og tilraunaverkefni sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins um endurnotkun á textíl

Til máls tóku Dóra Björt Guðjónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Svana Helen Björnsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir.

Gestir

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri Sorpu bs.

Berglind Snorradóttir starfsmaður SSH

Svana Helen Björnsdóttir stjórnarmaður í Sorpu bs.

Lovísa Jónsdóttir verkefnastjóri stjórnsýslu og lögfræði hjá Sorpu bs.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar og annar formanna stefnuráðs sleit fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026